



Alþingi  
Nefndasvið - velferðarnefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2022  
2210219/0.4.1

Efni: Frumvarp til laga um útlendinga (alþjóðleg vernd), 382. mál.

Með tölvupósti nefndasviðs Alþingis 28. október sl. sendi velferðarnefnd embætti landlæknis ofangreint frumvarp til umsagnar.

Frumvarpið er yfirgripsmikið og hefur ekki með að gera hlutverk og þekkingu embættis landlæknis nema í 6. gr. Þar er lagt til að réttur til þjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd falli niður 30 dögum eftir birtingu endanlegrar ákvörðunar um synjun. Vissulega eru þar taldar upp undantekningar; barnshafandi konur, alvarlega veikir einstaklingar og fatlaðir einstaklingar.

Af frumvarpinu verður ráðið að þrátt fyrir undanþáguákvæði geti komið upp sú staða að fólk verði svipt rétti til heilbrigðisþjónustu. Slíkt er óásættanlegt. Þeir sem undir þetta falla geta, rétt eins og aðrir og e.t.v. enn frekar en aðrir, glímt við sjúkdóma og heilsufarsvandamál sem nauðsynlegt er að bregðast við utan téðra tímamarka. Vart þarf að fjölyrða um alvarlegar afleiðingar sem stöðvun heilbrigðisþjónustu, hvort heldur er vegna langvinnra sjúkdóma eða bráðra, getur haft í för með sér, ef ekki er brugðist við því sem upp kemur.

Embætti landlæknis telur að öll nauðsynleg heilbrigðisþjónusta eigi að vera undan skilin. Það að njóta heilbrigðisþjónustu eru grundvallarmannréttindi en í Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi nr. 10/1979 segir m.a. í 12. gr. um "... rétt sérhvers manns til þess að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu að hæsta marki sem unnt er". Fyrir utan að það er ómannúðlegt að neita einstaklingi um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu getur það boðið heim hættu fyrir aðra ef t.d. einstaklingur er haldinn smitsjúkdómi eða geðröskun sem hugsanlega eru ekki metnir alvarlegir við fyrstu sýn.

Embætti landlæknis leggur því til að öll nauðsynleg heilbrigðisþjónusta verði talin upp í undantekningum í 6. gr.

Virðingarfyllt,

---

Alma D. Möller landlæknir